

Fundargerð 563

Fimmtudaginn 26. júní 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur (við lið 3), Heba Guðmundsdóttir (HG) sérfræðingur (við lið 3), Kristján Þ. Halldórsson (KÞH) sérfræðingur (við lið 3), Andri Þór Árnason (AÞÁ) sérfræðingur (við lið 5) og Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 09:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

Dagskrá:

1. Starfsáætlun stjórnar fram að ársfundi – til afgreiðslu
2. Staðfesting á skipun í endurskoðunarnefnd – til afgreiðslu
3. Brothættar byggðir, breyting á verkefninu – til afgreiðslu
4. Staðan á uppfærslu hvítbókar byggðaáætlunar – til kynningar
5. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar
 - b. Málskot til stjórnar – til afgreiðslu
6. Framfylgd starfsáætlunar – til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Starfsáætlun stjórnar fram að ársfundi – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfsáætlun stjórnar sem AME kynnti

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Starfsáætlun samþykkt með breytingum á tveimur dagsetningum og AME sendir uppfærðar dagsetningar á stjórnarmenn.

2. Staðfesting á skipun í endurskoðunarnefnd – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað um skipun í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar, auk starfsreglna og skýrslu endurskoðunarnefndar sem AME fór yfir.

Til máls tók SRH.

Formaður leggur til að endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar verði skipuð Ásu Kristbjörgu Karlsdóttir (formaður), Sigrúnu Hallgrímsdóttur og Margréti A Sanders, sem hafa allar lýst því yfir að þær séu tilbúnar að starfa áfram í nefndinni. Skipunartími er fram að fyrsta fundi stjórnar eftir ársfund.

Samþykkt samhljóða, MS sat hjá.

3. Brothættar byggðir, breyting á verkefninu - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað sem SEP kynnti og að HG komi að verkefninu innan stofnunarinnar auk þeirra HH og KPH.

HH, KPH og HG fóru yfir kynningu á verkefninu; Brothættar byggðir – og tillögur að breytingum á verkefninu.

Lagt er til að þrískipta verkefninu; Brothættar byggðir I – Brothættar byggðir II og Sterkari byggðir (nánar útfært í minnisblaði) auk þess sem farið verði í kynningarátak um byggðapróunarverkefnið og þau byggðarlög sem hafa tekið þátt og eru núverandi þátttakendur í verkefninu. Átak í kynningarmálum snýr bæði að hagaðilum og almenningi.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu sem var samþykkt samhljóða.

4. Staðan á uppfærslu hvítbókar byggðaáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur Hvítbók um byggðamál – drög að stefnu (Innviðaráðuneytið, júní 2026) sem er í samráðsgátt. SEP kynnti hvítbókina og drög að stefnu stjórnvalda vegna Byggðaáætlunar 2027-2041 og aðgerðaáætlun til fimm ára.

Til máls tóku SRH, VPÁ og HGÓ.

HI yfirgaf fundinn kl. 10:42

5. Lánamál

- a. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar

AME fór yfir fundargerðir lánanefndar nr. 19-21/26

- b. Málskot til stjórnar – til afgreiðslu

...

Til máls tóku HGÓ og SRH.

Formaður bar upp tillögu um að staðfesta niðurstöðu lánanefndar.

Samþykkt samhljóða.

6. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og stöðu rekstrar 26. júní 2026 sem SEP, HÁ og AME kynntu.

Til máls tóku HGÓ, HB, VÞÁ og SRH

7. Önnur mál

Ályktun aðalfundar Fjallalambshf.

AME kynnti ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Fjallalambshf. 19. júní sl.

Til máls tóku HB, HGÓ, MS og VÞÁ.

Formaður lagði fram eftirfarandi bókun:

Mikilvægi Fjallalambshf. fyrir sitt nærumhverfi er verulegt og félagið er hlutfallslega stór vinnuveitandi á fámennu svæði. Byggðastofnun hefur um árabil stutt við fyrirtækið vegna þessa, meðal annars með hlutafé og með lánveitingum.

Vegna ályktunar sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þ. 19. júní 2026 tekur stjórn Byggðastofnunar fram að stofnunin hafði enga efnislega aðkomu að því tilboði í hlutafé félagsins sem nefnt er í ályktuninni. Beiðni félagsins um afskrift skulda var afgreidd efnislega í samræmi við starfsheimildir Byggðastofnunar, á viðkvæmum svæðum sem öðrum, og stofnunin ítrekar vilja sinn til þess að styðja við félagið og áframhaldandi starfsemi þess á Kópaskeri.

Formaður bar ofangreinda bókun upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

VÞÁ spurðist fyrir um samtal stofnunarinnar vegna Háskólans á Bifröst og AME upplýsti um samtal við rektor og ráðgjafa Háskólans á Bifröst vegna húsnæðis skólans.

Til máls tóku SRH, HGÓ, MS og VÞÁ.

8. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun á Sauðárkróki 28. ágúst 2026.

Til máls tóku SRH, HGÓ, AME, MS og VÞÁ

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:37

Hjalti Árnason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þór Ásbjörnsson